

**From:** Konubókastofa Safn  
**Sent:** 06 March 2023  
**Subject:** Styrkumsókn

Sæl

Konubókastofa stendur fyrir bókmenntahátíðinni "Máttugar meyjar" dagana 15. til 23. apríl í tilefni 10 ára afmælis safnsins. Dagskráin er mjög fjölbreytt eins og sjá má hér að neðan. Konubókastofa óskar eftir styrk að upphæð 200 þúsund krónur. Sú upphæð dekkar kostnað af viðburðum sem eru ætlaðir börnum og unglingum í Sveitarfélaginu Árborg. Það eru:

**Rapp Námskeið** á vegum Steinunnar og Röggju Hólm frá Reyjavíkurdætur. Sá viðburður er í samvinnu við Félagsmiðstöðina Zelsíus og Gömlu Kartöflugeymsluna á Eyrarbakka. 120000 krónur  
Nánari upplýsingar frá þeim: *Smiðjurnar eru 2 - 3 klst á hóp og henta best fyrir börn í 4.-7. bekk*

*Við byrjum á því að fræða þátttakendur um rapptónlist og textasmíð og leggjum áherslu á hugtökin inntak, flæði og flutningur.*

*Seinni hluti smiðjunnar fer í það að semja erindi undir okkar handleiðslu og að flytja það. Við höfum báðar mikla reynslu af því að vinna með börnum, en Steinunn starfar sem listgreinakennari og danskennari og Ragga er menntaður tólmstunda- og félagsmálafræðingur.*

**Ritsmiðja** fyrir börn með Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur rithöfundu. Sá viðburður er í samvinnu við Skrufuna, Eyrarbakka. 60000 krónur. Nánar frá Bergrúnu: *Ég væri mjög glöð með annað hvorrt tveggja tíma námskeið með stuttri pásu eða tvö klukkutíma námskeið fyrir sitthvorn aldurinn. Bara spurning hvaða þörf þið sjáið og hvaða aldri/fjölda þið búist við.*

*Ég gæti til dæmis verið með ævintýrasmiðju og/eða spennusagnasmiðju. Ég er líka góð í bókagerð, að búa til bók sem krakkarnir geta svo tekið með heim. Þá kæmi hvert barn með morgunkornspakka með sér, ég myndi taka með mér lituð karton, lím og fleira sem þarf.*

**Fjölskyldujóga** í umsjón Evu Daggar Atladóttur í samvinnu við Gömlu Kartöfluskemmuna Eyrarbakka. Krónur 20000.

# MÁTTUGAR MEYJAR, BÓKMENNTAHÁTÍÐ KONUBÓKASTOFU

## **Laugardaginn 15. Apríl:**

Staðsetning, Gamla kartöfluskemman

Reykjavíkurdætur með rappnámskeið fyrir 4.til og með 7. bekk.

## **Fimmtudagur 20. Apríl:**

Staðsetning, Konubókastofa

Hannyrðakvöld. Guðrún Bjarnadóttir í Hespúhúsinu og Elísabet Steinunn Jóhannsdóttir höfundur bókarinnar Skagfirskir rósavettlingar””

Gestir hvattir til að taka handavinnuna með.

## **Laugardagur 22. apríl.**

Höfundasmiðja í Skrúfunni. Bergrún Íris Sævarsdóttir með börnum

Fjölskyldu jóga. Staðsetning, Gamla kartöfluskemman. Eva Dögg Atladóttir

Konukvöld í Rauða Húsinu. Sæbjörg Eva Hlynsdóttir söngur, Hallgerður Freyja Þorvaldsdóttir með upplestur, Eva Katrín Sigurðardóttir talar um öndun, Eldklárar og eftirsóttar með spuna og fleira. Það eru Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir. Heiða verður einnig með upplestur úr verkum sínum.

## **Sunnudagur 23. Apríl:**

Rauða Húsið.

Dagskrá með Hannah Kent. Hannah kemur á vegum Bókmenntahátíðar í Reykjavík. í samtali við hana verður Þórunn Erla Valdimarsdóttir. Kaffiveitingar. Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir talar um ráðskonur í sveitum.

Listaverk Heru Fjord verður í Rauða Húsinu laugardag og sunnudag.

Með fyrirfram þökk

Anna Jónsdóttir



KONUBÓKASTOFA

Túngata 40

820 Eyrarbakki

[www.konubokastofa.is](http://www.konubokastofa.is)

Facebook: Konubókastofan

Instagram: konubokastofa